# STIKLUR Í SÖGU KNATTSPYRNUDEILDAR Á 75 ÁRA AFMÆLI FÉLAGSINS




***1957*** *Lið Breiðabliks í fyrsta leik félagsins á Íslandsmóti.*



***1970*** *Breiðabliksliðið sem vann félaginu sæti í 1. deild í fyrsta sinn í sögu félagsins.*



***2005*** *Breiðabliksliðið fór taplaust í gegnum tímabilið og vann sig upp um deild. Blikar hafa ekki litið til baka síðan og eru núna á 20. tímabili í röð í efstu deild.*




**2009** Fyrsti Bikarmeistaratitill karlaliðs Breiðabliks eftir sigur á Fram á Laugardalsvelli í framlengdum leik í byrjun október 2009.



***2010*** Fyrsti Íslandsmeistaratitill karlaliðs Breiðabliks staðreynd eftir jafnteflisleik á Stjörnuvellinum í Garðabæ fyrir framan 3000 áhorfendur sem troðfylltu völlinn og taugaspennan var mikil.

***ÍSLANDSMEISTARAR 2024***




## Sigurvegarar í mótum.

**Íslandsmeistarar** • 2024 • 2022 • 2010
**Næst efsta deild** • 2005 • 1998 • 1993
1990 • 1985 • 1979 • 1975 • 1970
**Bikarmeistarar** • 2009
**Deildabikarmeist.** • 2024 • 2015 • 2013
**Meistarar meistaranna** • 2025 • 2023
**Íslandsmeistarar innanhúss** • 2006
2000 • 1983 • 1982
**Fótbolti.net meistarar** • 2021 • 2019
2015 • 2013 • 2012
**BOSE meistarar** • 2023 • 2021 • 2017
**Þungavigtarbikarinn** • 2025

## Þjálfarar frá upphafi.

| | |
|---|---|
| 1957 | Karl Guðmundsson |
| 1958–1959 | Hermann Hermannsson |
| 1960 | Frímann Gunnlaugsson |
| 1961 | Steinn Guðmundsson |
| 1962 | Gunnar Gunnarsson |
| 1963–1964 | Guðmundur Guðmundsson |
| 1965 | Pétur Bjarnarson |
| 1966–1967 | Halldór Halldórsson |
| 1968 | Guðmundur Guðmundsson |
| 1969 | Þórarinn Ragnarsson |
| 1970 | Reynir Karlsson |
| 1971 | Sölvi Óskarsson |
| 1972–1973 | Stanajev Krista |
| 1974 | Reynir Karlsson |
| 1975–1977 | Þorsteinn Friðþjófsson |
| 1978 | Jan Fabera |
| 1979–1980 | Jón Hermannsson |
| 1981–1982 | Fritz Kissing |
| 1982 | Sigurður Þorsteinsson |
| 1983–1984 | Magnús Jónatansson |
| 1985–1987 | Jón Hermannsson |
| 1987 | Þorsteinn Friðþjófsson |
| 1988 | Gregorsz Bielatowicz |
| 1988 | Vignir Bald./Sigurður Þorst. |
| 1989 | Guðmundur Helgason |
| 1990–1991 | Hörður Hilmarsson |
| 1992 | Vignir Baldursson |
| 1992 | Hörður Hilmarsson |
| 1993–1994 | Ingi Björn Albertsson |
| 1995 | Bjarni Jóhannsson |
| 1996–1997 | Sigurður Halldórsson |
| 1998–2001 | Sigurður Grétarsson |
| 2002–2003 | Jörundur Áki Sveinsson |
| 2003 | Jón Þórir Jónsson |
| 2004–2006 | Bjarni Jóhannsson |
| 2006–2014 | Ólafur Kristjánsson |
| 2014 | Guðmundur Benediktsson |
| 2015–2017 | Arnar Grétarsson |
| 2017 | Milos Milojevic |
| 2017–2019 | Ágúst Gylfason |
| 2019–2023 | Óskar H. Þorvaldsson |
| 2023–2025 | Halldór Árnason |
| **2025–** | **Ólafur Ingi Skúlason** |

## Leikmenn með 250+ mótsleiki.

| | |
|---|---|
| *491 | Andri Rafn Yeoman |
| *412 | Damir Muminovic |
| *377 | Höskuldur Gunnlaugsson |
| *341 | Kristinn Steindórsson |
| *326 | Viktor Örn Margeirsson |
| 321 | Olgeir Sigurgeirsson |
| 302 | Elfar Freyr Helgason |
| 285 | Arnar Grétarsson |
| *282 | Kristinn Jónsson |
| 277 | Arnór Sveinn Aðalsteinsson |
| 272 | Hákon Sverrisson |
| 266 | Þór Hreiðarsson |
| 262 | Finnur Orri Margeirsson |
| 262 | Gísli Eyjólfsson |
| *259 | Viktor Karl Einarsson |
| 255 | Árni Kristinn Gunnarsson |
| 253 | Gunnleifur Gunnleifsson |

## Leikmenn með 50+ mörk.

| | |
|---|---|
| *95 | Höskuldur Gunnlaugsson |
| 92 | Guðmundur Þórðarson |
| 86 | Jón Þórir Jónsson |
| *85 | Kristinn Steindórsson |
| 76 | Þór Hreiðarsson |
| 72 | Thomas Mikkelsen |
| 71 | Sigurður Grétarsson |
| 70 | Jón Ingi Ragnarsson |
| 68 | Árni Vilhjálmsson |
| 62 | Gísli Eyjólfsson |
| 62 | Kjartan Einarsson |
| 61 | Arnar Grétarsson |
| 61 | Ívar Sigurjónsson |
| 54 | Ólafur Friðriksson |
| 50 | Grétar Kristjánsson |

** Leikir og mörk í árslok 2025.*

## Upphaf karlaliðs Breiðabliks og stórir áfangar.

**1957** Breiðablik sendir lið til keppni í 2. deild Íslandsmótsins í fyrsta sinn. Magnús Tryggvason, Ingvi Guðmundsson og Sigmundur Eiríksson skora fyrstu þrjú mörk meistaraflokks karla á Íslandsmóti.

**1958** Breiðablik sendir ekki lið til keppni á Íslandsmóti karla í meistaraflokki en spilar æfingaleik við Hvergerðinga og Eyjamenn.

**1959** Breiðabliksliðið tekur ekki þátt í Íslandsmóti. Liðið heldur áfram æfingum undir stjórn Hermanns Hermannssonar. Um miðjan júní spilar Breiðablik við Aftureldingu í vígsluleik Varmárvallar.

**1960** Breiðablik sendir aftur meistaraflokkslið til keppni á Íslandsmóti. Fyrsti leikur meistaraflokks í nýrri keppni – Bikarkeppni KSÍ. Grétar Kristjánsson skorar fyrsta mark Breiðabliks í keppninni. Grétar skorar einnig fyrsta sigurmark liðsins á Íslandsmóti í leik gegn Reyni Sandgerði.

**1962** Fyrsti sigurleikur karlaliðs Breiðabliks í Bikarkeppni KSÍ kemur eftir þriggja leikja rimmu við Reykjavíkur Víkinga. Á þessum tíma var fyrirkomulagið þannig að úrslit þurfti eftir venjulegan leiktíma. Fyrsti leikur liðanna fór 0-0. Annar leikur liðanna fór 3-3. Breiðablik vann þriðja leikinn 3-0 og komst áfram í næstu umferð. Fyrsta ferð til útlanda 1962.

**1964** Jón Ingi Ragnarsson skorar fyrsta markið á Vallargerðisvelli á Íslandsmóti í 1-1 jafntefli gegn FH í vígsluleiknum 13. júní.

**1965** Breiðablik hefur þátttöku í Litlu bikarkeppninni og leikur þar óslitið næstu þrjátíu ár. Jón Ingi Ragnarsson skorar fyrsta mark Breiðabliks í keppninni á móti ÍBK.

**1970** Blikar sigra örugglega í 2. deildinni og vinnur sér sæti í 1. deild í fyrsta sinn.

**1971** Magnús Steinþórsson og Guðmundur Þórðarson skora mörk Breiðabliks í fyrsta sigri Blika í 1. deild í leik gegn Val á Melavellinum þann 6. júní. Breiðablik fer alla leið í úrslitaleik Bikarkeppni KSÍ.

**1975** Kópavogsvöllur vígður þann 7. júní í leik gegn Víkingi Ólafsvík. Hinrik Þórhallsson skorar fyrsta mark karlaliðs Breiðabliks á nýja vellinum. Hinrik afrekaði það einnig í leiknum að skora þrennu á aðeins þremur mínútum.

**1976** Valdimar Fr. Valdimarsson skorar fyrsta mark karlaliðs Breiðabliks í 1. deild á Kópavogsvelli í leik gegn Valsmönnum. Hinrik Þórhallsson skorar fyrsta sigurmark karlaliðsins í 1. deild í 3-2 sigri á Þrótti.

**1996** Breiðablik tekur í fyrsta sinn þátt í nýju vormóti KSÍ, Deildabikarnum.

**2009** Fyrsti Bikarmeistaratitill karlaliðs Breiðabliks eftir sigur á Fram á Laugardalsvelli í byrjun október 2009.

**2010** Breiðablik tryggir sér fyrsta Íslandsmeistaratitilinn í síðasta leik Íslandsmótsins. Fyrsti UEFA-leikur liðsins gegn Motherwell á Fir Park.

**2011** Fyrsti sigur karlaliðs Breiðabliks í UEFA leik var 2-0 sigur á Rosenborg á Kópavogsvelli. Dylan Macallister og Kristinn Steindórsson skoruðu fyrstu mörk liðsins í UEFA-móti.

**2023** Breiðablik verður fyrst íslenskra karlaliða til að vinna sér sæti í UEFA-riðlakeppni.

**2025** Karlaliðið tekur þátt í UEFA-deildarkeppni, eftir að keppnin hafði áður verið riðlakeppni, í annað sinn á þremur árum.

**475 knattspyrnumenn hafa spilað 1820 mótsleiki með meistaraflokki karla á 120 keppnisvöllum, heima og erlendis, frá fyrsta leiknum á Melavellinum þann 7. júní 1957.**

**MEISTARAFLOKKUR KARLA**
**2010–2025** 61 leikir í þremur UEFA keppnum gegn 31 liði frá 26 löndum.

## MERKIR ÁFANGAR

**1957**
**Knattspyrnudeild Breiðabliks stofnuð og meistaraflokkur karla tekur þátt í Íslandsmóti í fyrsta sinn.**

**1960**
**Breiðablik tekur aftur þátt Íslandsmóti eftir tveggja ára hlé og í fyrstu Bikarkeppni KSÍ frá upphafi.**

**1964**
**Vallargerðisvöllur vígður sem löglegur keppnisvöllur í neðri deildum. Fram að þessum áfanga var leikið á Melavelli.**

**1965**
**Karlalið Breiðabliks hefur þátttöku í Litlu bikarkeppninni.**

**1968**
**Skipulögð þjálfun kvennaliðs Breiðabliks hefst undir stjórn Guðmundar Þórðarsonar.**

**1970**
**Taplaust karlalið Blika sigrar 2. deildina örugglega.**

**1971**
**Karlalið Breiðabliks spilar í 1. deild í fyrsta sinn.**

**1972**
**Kvennalið Breiðabliks tekur þátt í Íslandsmóti í fyrsta sinn.**

**1975**
**Kópavogsvöllur vígður 7. júní.**

**1977**
**Fyrsti Íslandsmeistaratitill kvennaliðs Breiðabliks.**

**1981**
**Bikarkeppni KSÍ haldin í fyrsta sinn fyrir konur. Kvennalið Breiðabliks Íslands-og bikarmeistari í fyrsta sinn.**

**1982**
**Fyrsti Íslandsmeistaratitill innanhúss hjá karlaliði Breiðabliks.**

**1993**
**Fyrsti sigur kvennaliðs Breiðabliks í Meistarakeppni KSÍ.**

**1995**
**Breiðablikskonur taka þátt í Norðurlandamóti meistaraliða.**

**1996**
**Fyrsti sigur meistaraflokks kvenna í Deildabikar KSÍ.**

**2002**
**Fyrsti UEFA Evrópuleikur meistaraflokks kvenna.**

**2009**
**Fyrsti bikarmeistaratitill meistaraflokks karla.**

**2010**
**Fyrsti Íslandsmeistaratitill meistaraflokks karla og fyrsti UEFA Evrópuleikur meistaraflokks karla.**

**2013**
**Fyrsti sigur meistaraflokks karla í Deildabikar KSÍ. Breiðabliksliðið kemst í 3. umferð Evrópudeildar UEFA.**

**2023**
**Fyrsti sigur mfl karla í Meistarakeppni KSÍ. Breiðablik verður fyrst íslenskra karlaliða til að taka þátt í UEFA-riðlakeppni.**

**2024**
**Báðir meistaraflokkar Breiðabliks Íslandsmeistarar sama árið í fyrsta sinn í sögu félagsins.**

**2025**
**Kvennaliðið tekur þátt í nýjum Evrópubikar UEFA. Í 16-liða úrslitum slógu Blikakonur út danska liðið Fortuna Hjørring og tryggðu sér sæti gegn sænska liðinu Häcken í 8-liða úrslitum í febrúar 2026.**




## Upphaf kvennaliðs Breiðabliks og stórir áfangar.

**1968** Guðmundur Þórðarson tekur að sér þjálfun hóps stúlkna og varð þar með fyrsti þjálfari í knattspyrnu kvenna hjá Blikum. Fyrsti leikur kvennaliða í Kópavogi var leikur Austurbæjar gegn Vesturbæ á Vallargerðisvelli þann 8. september.

**1969** Ægir Guðmundsson verður aðstoðarmaður Guðmundar Þórðarsonar og sáu þeir saman um æfingar kvennaliðsins árin 1969-1971.

**1971** Fyrsta Íslandsmót innanhúss haldið um vorið. Breiðablikskonur ekki skráðar til leiks. ÍA vann innanhússtitilinn það en sem sárabót fengu Blikakonur að spila við ÍA uppi á Skaga. Þar kom í ljós að Blikastúlkur stóðu jafnfætis þeim.

**1972** Breiðabliksstúlkur taka þátt í Íslandsmóti innanhúss í fyrsta sinn og UMSK-mótum, bæði innan- og utanhúss. Rósa Á. Valdimarsdóttir skorar fyrsta mark Breiðabliks í opnunarleik Íslandsmótsins utanhúss á Vallargerðisvelli þann 26. ágúst. Rósa skoraði einnig fyrsta sigurmark Blikakvenna á Íslandmóti í sigri á Þrótti á Vallargerðisvelli 9. september.

**1975** Kópavogsvöllur vígður. Rósa Á. Valdimarsdóttir skorar fyrsta mark Blika á Kópavogsvelli í leik gegn Fram. Fyrsta utanlandsferð liðsins til Skotlands.

**1976** Fyrsti Íslandsmeistaratitillinn innanhúss. Blikakonur ferðast til Skotlands og spila þar sinn fyrsta leik erlendis.

**1977** Kvennalið Breiðabliks tryggir sér fyrsta Íslandsmeistaratititil Breiðabliks utanhúss í síðasta leiknum í lok júlí.

**1981** Fyrsti leikur Breiðabliks í bikarkeppni KSÍ er gegn BÍ á Torfunesvelli þann 6. júlí. Liðið verður bæði Íslands- og bikarmeistari í fyrsta sinn. Blikkonur taka þátt í fyrsta Bautamótinu á Akureyri og sigrar.

**1982** Blikakonur vinna Litla bikarinn í fyrstu tilraun. Breiðabliksliðið sigrar í International Damefodbold mótinu í Ledöse – Smörum Stadion í Kaupmannahöfn.

**1995** Blikaliðið tekur þátt í Norðurlandamóti meistaraliða í Noregi. Kristrún Lilja Daðadóttir og Sigrún Óttarsdóttir skora fyrstu tvö mörk Breiðabliks í alþjóðlegri keppni

**1996** Breiðablikskonur vinna nýtt vormót KSÍ, Deildabikarinn.

**2001** Breiðablik vinnur sér fyrst íslenskra kvennaliða rétt til að taka þátt í Evrópukeppni félagsliða UEFA en fjárskortur hindrar þátttöku.

**2002** Breiðablikskonur mæta til leiks í Evrópukeppni félagsliða og spila í riðli með Fortuna Hjørring, FC Babruyshanka og FC Codru Anenii Noi. Fyrsti sigur liðsins kom gegn Codru Anenii Noi. Kristrún Lilja Daðadóttir og Erla S. Arnardóttir skoruðu fyrstu Evrópumörk Breiðabliks. Breiðablikskonur taka þátt í Reykjavíkurmótinu.

**2005** Breiðablikskonur taka þátt í nýju vormóti, Faxaflóamótinu.

**2006** Blikakonur ná fyrst íslenskra liða alla leið í 8-liða úrslit í UEFA-Evrópukeppni og mæta þar sterku liði Arsenal sem vinnur einvígið og alla leið til sigurs í mótinu.

**2021** Breiðablik er fyrst íslenskra liða til að vinna sér rétt til þátttöku í riðalakeppni meistaradeildar UEFA og mætir þar Kharkiv, PSG og Real Madrid.

**350 knattspyrnukonur hafa spilað 1210 mótsleiki með meistaraflokki kvenna á 90 keppnisvöllum, heima og erlendis, frá fyrsta leiknum á Vallargerðisvelli þann 26. ágúst 1972.**

**MEISTARAFLOKKUR KVENNA**
**2002–2025** *48 leikir í þremur UEFA keppnum gegn 35 liðum frá 27 löndum.
*55 ef leikir í Nordic Open 1995-1997 eru taldir með

## Sigurvegarar í mótum.

**Íslandsmeistarar • 2025** • 2024 • 2020
2018 • 2015 • 2005 • 2001 • 2000 • 1996
1995 • 1994 • 1992 • 1991 • 1990 • 1983
1982 • 1981 • 1980 • 1979 • 1977
**1. deild** • 1988
**Bikarmeistarar • 2025** • 2021 • 2018
2016 • 2013 • 2005 • 2000 • 1998 • 1997
1996 • 1994 • 1983 • 1982 • 1981
**Deildabikarmeistarar** • 2025 • 2022
2019 • 2012 • 2006 • 2001 • 1998 • 1997
1996
**Meistarar meistaranna** • 2019 • 2017
2016 • 2014 • 2006 • 2003 • 1998 • 1996
1993
**Íslandsmeistarar innanhúss** • 2008
2005 • 2000 • 1998 • 1997 • 1996 • 1992
1989 • 1986 • 1985 • 1982 • 1980 • 1977
1976
**Faxa meistarar** • 2020 • 2019 • 2018
2017 • 2016 • 2015 • 2013 • 2011 • 2010
2009 • 2008 • 2007 • 2006 • 2005

## Þjálfarar kvennaliðsins.

| | |
|---|---|
| 1968 | Guðmundur Þórðarson |
| 1970–1972 | Ægir Guðmundsson |
| 1973–1974 | Halldór Sigurðsson |
| 1975–1977 | Haraldur Erlendsson |
| 1978 | Gissur Guðmundsson |
| 1979–1980 | Guðmundur Þórðarson |
| 1981–1982 | Sigurður Hannesson |
| 1983 | Róbert Jónsson |
| 1984–1985 | Guðmundur Ólafsson |
| 1986 | Aðalsteinn Örnólfsson |
| 1987 | Ómar Arason |
| 1988–1989 | Jón Þórir Jónsson |
| 1990 | Sigurður Hannesson |
| 1991–1992 | Guðjón Karl Reynisson |
| 1993 | Steinn Helgason |
| 1994–1996 | Vanda Sigurgeirsdóttir |
| 1997 | Sigurður Þórir Þorsteinsson |
| 1998–2001 | Jörundur Áki Sveinsson |
| 2002–2003 | Ólafur Þ. Guðbjörnsson |
| 2004 | Margrét Sigurðardóttir |
| 2005 | Úlfar Hinriksson |
| 2006 | Guðmundur Magnússon |
| 2007 | Jörundur Áki Sveinsson |
| 2008 | Vanda Sigurgeirsdóttir |
| 2009 | Gary Michael Wake |
| 2010–2011 | Jóhannes Sigursteinsson |
| 2012–2014 | Hlynur Svan Eiríksson |
| 2015–2020 | Þorsteinn Halldórsson |
| 2021 | Vilhjálmur Haraldsson |
| 2021–2023 | Ásmundur Arnarsson |
| 2023 | Gunnleifur Gunnl. o.fl. |
| 2023–2025 | Nik Chamberlain |
| **2025–** | **Ian Jeffs** |

## Leikmenn með 200+ mótsleiki.

| | |
|---|---|
| 316 | Fanndís Friðriksdóttir |
| 300 | Ásta Eir Árnadóttir |
| *262 | Berglind Björg Þorvaldsdóttir |
| 257 | Sigrún Óttarsdóttir |
| 256 | Hlín Gunnlaugsdóttir |
| 255 | Kristrún Lilja Daðadóttir |
| *241 | Agla María Albertsdóttir |
| 237 | Guðrún Erla Hilmarsdóttir |
| 232 | Margrét Rannveig Ólafsdóttir |
| 231 | Sandra Sif Magnúsdóttir |
| 218 | Erna Björk Sigurðardóttir |
| 213 | Sonný Lára Þráinsdóttir |
| 211 | Jóna Kristín Hauksdóttir |
| 203 | Andrea Rán Hauksdóttir |
| *203 | Kristín Dís Árnadóttir |

## Leikmenn með 50+ mörk.

| | |
|---|---|
| *202 | Berglind Björg Þorvaldsdóttir |
| 195 | Ásta B. Gunnlaugsdóttir |
| 185 | Fanndís Friðriksdóttir |
| *155 | Agla María Albertsdóttir |
| 126 | Margrét Rannveig Ólafsdóttir |
| 121 | Gréta Mjöll Samúelsdóttir |
| 120 | Kristrún Lilja Daðadóttir |
| 100 | Erla Rafnsdóttir |
| 90 | Rakel Hönnudóttir |
| 84 | Erna Björk Sigurðardóttir |
| 74 | Erla Hendriksdóttir |
| 70 | Ásthildur Helgadóttir |
| 67 | Bryndís Einarsdóttir |
| *65 | Birta Georgsdóttir |
| 64 | Sigrún Óttarsdóttir |
| 55 | Olga Færseth |
| 54 | Rósa Áslaug Valdimarsdóttir |
| 51 | Harpa Þorsteinsdóttir |
| 50 | Jóna Kristín Hauksdóttir |

** Leikir og mörk í árslok 2025.*




***26. ágúst 1972*** *hófst Íslandsmót knattspyrnu kvenna með leik Breiðabliks og Fram á Valargerðisvelli.*



***1977*** *Liðið sem vann fyrsta Íslandsmeistaratititil Breiðabliks utanhúss.*



***1981*** *Breiðabliksliðið sem varð bæði Íslands-og bikarmeistari í fyrsta sinn.*



***1996*** *Íslands- og bikarmeistarar. Einstakt lið sem vann allt sem hægt var að vinna á íslandi það ár með fádæma yfirburðum - afrek sem aldrei verður jafnað eða slegið.*




***2021*** *Kvennalið Breiðabliks er fyrst íslenskra liða til að vinna sér rétt til þátttöku í UEFA riðlakeppni.*

***ÍSLANDSMEISTARAR 2024***




Umsjón, uppsetning og ábyrgð: PÓÁ